



VERÐBÓLGUSPÁ


9. janúar 2018 | Greining Íslandsbanka

Samantekt

- Spáum 0,2% lækkun VNV í janúar
- Verðbólga hjaðnar úr 3,7% í 3,6%
- Íbúðaverð, gjaldskrár og krónutölugjöld til hækkunar VNV
- Útsölur og flugfargjöld til lækkunar
- 3,3% verðbólga yfir árið 2019 en 3,0% verðbólga yfir árið 2020

	1m	3m	6m	12m	24m
Breyting VNV	-0,2%	0,8%	1,5%	3,3%	6,4%
Á ársgrundvelli	-2,4%	3,2%	3,1%	3,3%	3,1%
			2018	2019	2020
Verðbólga yfir árið (des.-des.)			3,7%	3,3%	3,0%
Verðbólga milli ára			2,7%	3,6%	3,2%
Launabreyting yfir árið			6,3%	6,0%	4,5%
Kostn. v/eigin húsn., yfir árið			6,5%	4,9%	4,5%
GVT ISK (ársmeðaltal)			166,7	175,2	175,0


Spáum 0,2% lækkun neysluverðs í janúar



Við spáum að vísitala neysluverðs (VNV) muni lækka um 0,2% í janúar frá mánuðinum á undan. Miðað við þá spá hjaðnar 12 mánaða verðbólga úr 3,7% í 3,6%. Verðbólguhorfur til skamms tíma hafa lítið breyst frá síðustu spá. Útlit er fyrir að verðbólga verði 3,6% að jafnaði á fyrsta fjórðungi ársins og verði að meðaltali 3,6% á árinu 2019, en hjaðni í kjölfarið og verði að jafnaði 3,2% á árinu 2020. Hagstofan birtir VNV fyrir janúar kl.9 þann 29. þessa mánaðar.

Árvisst reiptog milli útsöluáhrifa og gjaldskrárhækkana

VNV-mælingin fyrir janúarmánuð markast ávallt af togstreitu milli útsöluáhrifa og lækkandi flugfargjalda annars vegar, og hækkunar alls kyns gjaldskráa fyrir opinbera þjónustu og einkaþjónustu hins vegar. Þetta ár verður þar engin undantekning að mati okkar.






Við gerum ráð fyrir svipuðum áhrifum af janúarútsölum og verið hafa síðustu ár. Spáum við því að fataliður VNV hafi áhrif til 0,34% lækkunar vísitölunnar og að húsgagna- og heimilisbúnaðarliðurinn vegi til 0,23% lækkunar.

Flugfargjöld hækkuðu um nærri 24% í desember. Var þar um árstíðabundna þróun að ræða. Könnun okkar bendir til þess að liðurinn muni lækka um 12% í janúar (-0,18% í VNV).

Talsvert líf virðist enn vera í íbúðamarkaði þótt nokkuð hafi dregið úr hækkunarþrýstingi þar undanfarna fjórðunga. Athugun okkar bendir til þess að reiknuð húsaleiga, sem byggir að mestu á þróun íbúðaverðs, muni hækka um 0,9% í janúar (0,19% í VNV).

Í ársbyrjun hækka ávallt gjaldskrár ýmissa þjónustuaðila, bæði opinberra og í einkageiranum. Hækkun veitugjalda virðist þó ætla að verða með hóflegu móti að þessu sinni (0,06% í VNV). Hækkun opinberra gjalda á áfengi og tóbak leiðir að okkar mati til 0,05% hækkunar VNV í janúar. Þá vegur hækkun krónutölugjalda á eldsneyti að mestu upp áhrif lækkandi innkaupsverðs þótt mæling okkar bendi til þess að eldneysisverð hafi lækkað um u.þ.b. 0,3% frá desembermælingu VNV (-0,01% í VNV).

Loks má nefna að áhrif veikingar krónu á seinni helmingi síðasta árs eru enn að koma fram í verði innfluttra vara í nokkrum mæli.



Verðbólga hjaðnar þegar frá líður

Útlit er fyrir verðbólga muni áfram verða á svipuðu róli næstu mánuðina. Við spáum 0,6% hækkun VNV í febrúar, 0,4% hækkun VNV í mars og 0,2% hækkun VNV í apríl. Verðbólga mun samkvæmt því mælast 3,6% í apríl 2019. Í febrúar og mars ganga útsöluáhrif til baka með tilheyrandi hækkunarþrýstingi á VNV. Flugfargjöld lækka væntanlega áfram í febrúar líkt og gjarnan hefur verið undanfarna ár. Jafnt og þétt mun draga úr hækkunartakti innfluttra vara þegar vorar að því gefnu að krónan veikist ekki á nýjan leik. Þá gerum við ráð fyrir að íbúðaverð muni hækka öllu hægar á komandi mánuðum en áætlað er í janúarspánni.

Í kjölfarið teljum við að verðbólga muni aukast nokkuð fram eftir árinu 2019 og ná hámarki í 3,8% á 3. ársfjórðungi, en hjaðna síðan jafnt og þétt að nýju. Spáum við því að verðbólga mælist 3,3% í árslok 2019 en verði að jafnaði 3,2% á árinu 2020. Verðbólga mun samkvæmt þessu haldast innan 4% þolmarka verðbólguþáttur Seðlabankans en nokkuð virðist í að hún eigi afturkvæmt undir 2,5% markmiðið.

Kjarasamningar á komandi mánuðum eru líkt og fyrri daginn einn stærsti óvissuþáttur spárinnar. Við gerum ráð fyrir að laun muni að jafnaði hækka svipað hratt á yfirstandandi ári og



raunin var í fyrra, en talsverð hætta er þó á að hækkunin verði meiri eða að önnur skilyrði kjarasamninga sem snúa að hinu opinbera geti leitt til meiri verðbólguþrýstings þegar frá líður.

Þá gerum við sem fyrr ráð fyrir að íbúðaverð hækki hægar eftir því sem líður á spána, og að gengi krónu muni að jafnaði verða svipað næstu misserin og verið hefur síðustu vikurnar. Óvissan um gengisþróun krónu er að mati okkar tiltölulega samhverf, enda virðist núverandi gengi vera í grennd við jafnvægisgengi til skemmri tíma lítið.



Umsjón og tengslaupplýsingar

Umsjón: Greining Íslandsbanka, netfang: greining@islandsbanki.is;

Jón Bjarki Bentsson (440 4634)

Bergþóra Baldursdóttir (440 4637)

Ábm.: Jón Bjarki Bentsson, aðalhogfræðingur Íslandsbanka (440 4634)

Lagalegur fyrirvari

Skýrsla þessi er tekin saman af Greiningu Íslandsbanka hf. (Íslandsbanki).

Upplýsingar í skýrslu þessari eru upprunnar frá innlendum og erlendum upplýsinga- og fréttaveitum, sem taldar eru áreiðanlegar, ásamt opinberum upplýsingum, eigin úrvinnslu Greiningar og mati á hverjum tíma. Upplýsingarnar hafa ekki verið kannaðar sjálfstætt af Íslandsbanka og ábyrgist bankinn ekki nákvæmni upplýsinganna, áreiðanleika eða réttmæti þeirra. Skoðanir höfunda geta breyst án fyrirvara og ber Íslandsbanka ekki skylda til að uppfæra, lagfæra eða breyta skýrslunni við breyttar forsendur.

Skýrslan er einungis birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. Íslandsbanki og starfsmenn bankans bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem kunna að vera gerð á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðleggingar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingarkosti sem í boði eru. Fjárfestingum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflöktis gjaldmiðla. Fjárfestingamarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta er mismunandi. Bent skal á að árangur í fortíð er ekki trygging um árangur í framtíð.

Skýrslur og aðrar upplýsingar sem berast frá Íslandsbanka eru einungis ætlaðar til einkanota. Hvorki má afrita efnið, vitna í það né dreifa því, í heild eða að hluta, án skriflegs leyfis frá Íslandsbanka.

Skýrsla þessi er stutt samantekt og ber ekki að líta svo á að í henni sé að finna allar tiltækar upplýsingar um þau viðfangsefni sem hún fjallar um.

Eftirlitsaðili: Fjármálaeftirlitið (www.fme.is).

BANDARÍKIN

Skýrslu þessari eða afritum hennar má ekki dreifa í Bandaríkjunum eða til viðtakenda sem eru bandarískir ríkisborgarar í andstöðu við takmarkanir sem kveðið er á um í bandarískum lögum. Dreifing skýrslunnar í Bandaríkjunum kynni að teljast brot á þeim lögum.

KANADA

Upplýsingarnar í skýrslu þessari eru ekki ætlaðar til dreifingar eða útbreiðslu með neinum hætti í Kanada og því ber ekki að líta á þær sem fjármálaráðgjöf eða ráðleggingu um fjárfestingar í skilningi kanadískra verðbréfalaga.

ÖNNUR LÖND

Lög og reglugerðir í öðrum löndum kunna einnig að takmarka dreifingu skýrslu þessarar.